

Ed. 125. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

(Eftir 2. umr. í Ed. 8. des.)

1. gr.

Aftan við 3. málgr. 11. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú fullnægir sá, er óskar þess að fá sparifé sitt endurgreitt, ekki skilyrðum 3. málgr., og er þá félagsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til endurgreiðslu þess, ef högum umsækjanda er þannig háttað, að mati ráðherra, að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna af félagslegum ástæðum, svo sem ef um er að ræða öryrkja, einstæða foreldra eða námsmenn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.